

Þema 6. bekkur 2021-2022

Kynning á námsgreininni og kennsluaðferðir

Kennslustundir í náttúrufræði og samfélagsfræði verður kennt saman undir þema. Unnið verður með þemað í lotum.

Haustönn:

Snorra Saga: Unnið verður með Snorra Sturluson og ævi hans. Nemendur setja sig í spor Snorra og samtímamanna hans. Átta sig á stöðu kvenna á þessum tíma, valdabaráttunni innanlands og við Noregskonung sem lauk með því að Íslendingar urðu þegnar hans 1262.

Maðurinn: Nemendur læra um mannlíkamann, hlutverk og virkni, allt frá getnaði til æviloka.

Norðurlönd: Nemendur læra um Norðurlöndin, landlegu og helstu einkenni þeirra, samstarf þeirra á milli og fleira.

Auðvitað: Nemendur læra um sólkefið okkar.

Námsáætlun

Tímabil	Viðfangsefni	Hæfniviðmið
Ágúst/september/október	Snorri Sturluson: Bókin samlesin og hugtök rædd. Nemendur vinna með orðskýringar og svara spurningum úr köflunum. Hópverkefni.	Rætt á upplýstan hátt um tímabil, atburði og persónur, sem vísað er til í þjóðfélagsumræðu. Áttað sig á ólíkum kynhlutverkum á nokkrum sviðum og hvernig þau mótast og breytast. Gert grein fyrir einkennum og stöðu Íslands í heiminum í ljósi legu og sögu landsins, breytilegrar menningar, trúar og lífsviðhorfa. Sett sig í spor fólks með ólíkan bakgrunn á völdum stöðum og tímum.
Nóvember/desember	Maðurinn: Farið verður í gegnum bókina maðurinn hvern kafla fyrir sig. Myndbönd, umræður og aðrar kveikjur verða teknar samhliða köflunum. Vinnubókarvinna Verkefnablöð Verkefni úr kynþroskakafla. Kynfræðsla frá hjúkrunarfræðing.	Lýst helstu líffærakerum mannlíkamans og starfsemi þeirra í grófum dráttum. Framkvæmt og útskýrt einfaldar athuganir úti og inni. Lýst breytingum sem verða við kynþroskaaldur og gert sér grein fyrir mikilvægi gagnkvæmrar virðingar í samskiptum kynjanna. Útskýrt tengsl heilbrigðis og þess sem borðað er. Gert grein fyrir næringargildi ólíkrar fæðu og hvers konar fæða er framleidd á Íslandi.

		Notað viðeigandi hugtök og orðaforða sem tengjast viðfangsefninu.
		Notað kort og gröf til að afla sér upplýsinga.
Janúar/febrúar	Norðurlönd: Nemendur taka fyrir hvert norðurland fyrir sig í lotum. Í lok hverrar lotu þurfa nemendur að skila stuttu verkefni t.d. myndasögu, bækling, veggspjald eða frétt. Einnig verður unnið í vinnubók.	Gert sér grein fyrir nýtingu og vernd auðlinda og umhverfis, hvernig hver einstaklingur getur lagt sitt af mörkum til verndar.
		Notað margvíslegar upplýsingaveitur og hjálpartæki við öflun upplýsinga og til stuðnings við nám
Mars/apríl/maí	Auðvitað:	
Lífsleikni er kennd að lágmarki 1x í viku og verða eftirfarandi markmið metin þar:	Uppeldi til ábyrgðar. Verkefni unnin úr KVAN- verkfærakistan.	Tjáð þekkingu sína og viðhorf með fjölbreyttum hætti, einn sér og í samstarfi við aðra. Rökrætt um ólík málefni. Sýnt samferðafólki sínu tillitsemi og umhyggju.

Grunnþættir menntunar

Áhersla lögð á uppbyggingu orðaforða og læsi, að nemendur geti beitt skapandi hugsun við úrlausn verkefna, að þeir geti tjáð skoðanir sínar og geti unnið einir og í hóp með öðrum.

Lýðræði, mannrétindi og sjálfbærni verða til umfjöllunar tengt hverju þema þar sem áherslan er m.a. á getuna til aðgerða og skapandi vinnubrögð.

Námsmat

Nemendur fá lokaekunn í bókstöfum. Lokaeinkunn byggir á hæfnikorti nemandans. Verkefni nemenda eru metin með "framúrskarandi", "hæfni náð", "á réttri leið" o.frv. Litakóðun hæfniflísá á hæfnikorti nemanda gerir foreldrum og nemendum auðveldara að sjá hver staðan er. Þannig merkir grænn litur til að mynda að hæfni sé náð.

a) Snorra saga Sturlusonar:

Námsmat: Nemendur velja sér eitt viðfangsefni úr sögunni og ýmist skrifa um það leikþátt og leika ellegar gera upp úr því spil. Um hópverkefni er að ræða.

b) Maðurinn:

Námsmat: Prófað verður úr bókinni, en einnig verða vinnubókin og ýmis verkefni metin.

c) Norðurlönd:

Námsmat: Prófað úr bókinni, þ.e. köflunum um löndin og byggir prófið í senn á kortavinnu, ályktunarhæfni, lesskilningi og staðreyndum. Vinnubók um Norðurlöndin og hópverkefni metin.

d) Auðvitað:

Námsmat: Hópverkefni um sólkerfið.

Hlutverk og vinnulag nemandans

Unnið verður með viðfangsefnin skriflega og munnlega ásamt því að koma inn á verklega þætti. Lögð verður rík áhersla á það að nemandur geti bæði unnið að verkefnum einstaklingslega og í hópum, læri á kortalestur og að lesa í eigið umhverfi og þjálfist í að leita að upplýsingum í bókum og á alnetinu og geti komið þeim til skila í rituðu máli.

VIÐMIÐ ÚR NÁMSKRÁ

Sel - Þemanám 6. bekkur

- **Hæfni á námssviði**

Sel - Þemanám 6. bekkur - Náttúrugreinar, samfélagsgreinar

- Rætt á upplýstan hátt um tímabil, atburði og persónur, sem vísað er til í þjóðfélagssumræðu.
- Sett sig í spor fólks með ólíkan bakgrunn á völdum stöðum og tímum.
- Notað kort og gröf til að afla sér upplýsinga.
- Lýst helstu líffærakerum mannlíkamans og starfsemi þeirra í grófum dráttum.
- Útskýrt tengsl heilbrigðis og þess sem borðað er.
- Notað viðeigandi hugtök og orðaforða sem tengjast viðfangsefninu.
- Notað margvíslegar upplýsingaveitur og hjálpartæki við öflun upplýsinga og til stuðnings við nám
- Lýst breytingum sem verða við kynþroskaaldur og gert sér grein fyrir mikilvægi gagnkvæmrar virðingar í samskiptum kynjanna.

Sel - Þemanám 6. bekkur - Lífsleikni

- Tjáð þekkingu sína og viðhorf með fjölbreyttum hætti, einn sér og í samstarfi við aðra.
- Rökrætt um ólík málefni. Sýnt samferðafólki sínu tillitsemi og umhyggju.

Sel - Þemanám 6. bekkur - Lykilhæfni

- Jafnan tekið tillit til annarra, verið virk/-ur í hópastarfi og lagt sitt af mörkum
- Nýtt tímann vel og lagt sig fram við námið

